

KIRKJUGARÐARÁÐ

91. fundur haldinn 14. nóvember 2011 hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæmis í Fossvogi.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestir: Jóhannes Pálmason og Bjarni Kr. Grímsson stjórnarmenn kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í innanríkisráðuneyti.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 12:00. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2010

Sigríður Dögg Geirsdóttir kynnti. Reikningur var borinn upp og samþykktur.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu

Á fundinum var rætt um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 34 4. maí 1993, með síðari breytingum og Hermanni Sæmundssyni kynntar þær ábendingar og athugasemdir við frumvarpið sem verða sendar inn. Hermann vék af fundi kl. 12.55.

4. Umsögn Kirkjugarðaráðs vegna frumvarpsins

Rætt var um umsögn Kirkjugarðaráðs vegna frumvarpsins og framkvæmdastjóra falið að senda bréfið.

5. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund 12. desember kl. 13.00 í fundarsal Biskupsstofu.

6. Önnur mál

Formaður gerði grein fyrir að Kirkjugarðaráð hefði fengið fyrirspurn um hvort því bæri að tjá sig vegna framkvæmda við Þorlákshúsið og var niðurstaðan sú að svo væri ekki. Þetta væri málefni sóknarinnar og stjórnar kirkjugarðs Skálholtsstaðar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 13:50.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari